

NORÐURLJÓS

Fréttabréf Norðurláls

8. tbl. 7. september 2012. Ritstjórar: Trausti Gylfason og Brian D. Marshall. Ábyrgð: Ágúst F. Hafberg. Umsjón: Skessuhorn ehf.

Ritnefnd: Aðalheiður Skarphéðinsdóttir, Ása Birna Viðarsdóttir, Ásmundur Jónsson, Birna Björnsdóttir, Bjarni I. Björnsson og Sverrir Guðmundsson. Myndir: Ása Birna Viðarsdóttir, Heiðar L. Hanss. o.fl.



Timi fjárrétta gengur nú í hönd. Í Reynisrétt við Akrafjall er smalað fé sem gengur á Akrafjalli á sumrin en myndin er þaðan.

Ljós. mm.

Nokkur orð frá framkvæmdastjóra

Kæra samstarfsfólk!

Í fréttabréfum Norðurljósa í sumar hefur mér verið tíðrætt um öryggi og velferð sumarafleysingamanna. Nú þegar komið er haust og þeir horfnir til náms eða annarra starfa er mér þakklæti efst í huga því að sumarið var án teljandi óhappa hjá sumarfólkinu okkar. Mig langar að þakka öllum sem áttu þátt í að þetta unga fólk á vonandi ánægjulegar minningar um góðan vinnustað þar sem Norðurlál er, vinnustað sem það vill vitja aftur næsta vor. Rekstur framleiðsludeilda var með ágætum í ágústmánuði og framleiðsla á áætlun. Það er ánægjulegt að sjá hversu mikið jafnvægi hefur verið í rekstrinum yfir sumarmánuðina. Við vorum án slysa í júlí og ágúst, árangur í umhverfismálum hefur verið góður, sem og áreiðanleiki tækja

og búnaðar. Þetta er eftirtektarverð niðurstaða sem ekki kemur af sjálfu sér og undirstrikar enn og aftur hæfni starfsmanna Norðurláls og mikilvægi þjálfunar sumarafleysingamanna. Í ágúst stóð yfir undirbúningur og skipulag að stóru og flóknu viðhaldsverkefni við annan af tveimur súrálsgeymum við höfnina. Unnið var að því að tæma annað sílóíð til að komast að búnaði á botni þess sem þarf að viðhalda. Þetta hafði í för með sér nokkra óvissu um hvaða súrál kerskalinn notaði hverju sinni en það gerði kerreksturinn og framleiðsluna flóknari en ella. Um mánaðamótin var svo hægt að fara inni



súrálsgeyminn og framkvæma það viðhald sem búið var að undirbúa. Það eru alltaf spennandi tímar og verkefni hjá Norðurláli. Framundan eru breytingar á háspennubúnaði verksmiðjunnar sem auka mun rekstraröryggi hennar. Áður en mánuðurinn er á enda munu starfsmenn verða varir við stórvirkar vinnuvélar vestan við aðveitustöðina en áætlað er að þessar framkvæmdir muni standa yfir í eitt og hálf ár. Svæðið verður afgirt og flokkað sem framkvæmdasvæði til að tryggja hámarksöryggi á meðan framkvæmdum stendur. Verkefnið er kostnaðarsamt, áætlað er að það kosti tæpa þrjú miljarða króna sem er góð innspýting í íslenskt atvinnulíf.

Gunnar Guðlaugsson, framkvæmdastjóri

Ætlar þú að breyta um lífsstíl?

Nú þegar hausta tekur og grillinu verður lokað og bjórdósunum fleygt, fara margir í þann gir að huga að bættri



heilsu. Markmiðið getur verið þyngdartap, aukinn styrkur, að viðhalda kjörþyngd eða að koma lífinu í rétta rúttinu fyrir veturinn. Áður en haldið er af stað í slíkar februnarreisur eru nokkrir lykilþættir sem ber að hafa í huga. Í næstu tölublöðum mun ég taka fyrir, skref fyrir skref, skynsamlegar og góðar leiðir til að öðlast bætta heilsu og breyta um lífsstíl.

Það fyrsta sem ég mæli með að þú lesandi góður gerir, er að líta á ástandið í heild sinni. Taktu fram vigtina góðu og stígðu á hana. Þar hefurðu sannleikann. Settu þér raunhæft en krefjandi markmið ef raunin er að þú þurfir að létta þig lítillega eða umtalsvert. (-0,5 - 1 kg hámark á viku). Allt sem hljómar „of gott til að vera satt“ er nær ávallt raunin. Hví?

Gylliboð um flatan maga á sjö dögum, 10 kg þyngdartap á einni viku og annað í þeim dúr er söluvara og er hinn svokallaði „skyndimegrunarkúr“. Hann veldur snöggum breytingum á vigtinni niður á við en jafnframt hröðum breytingum á vigtinni upp á við þegar honum lýkur. Oft verðum við þyngri en fyrir

megrun sem er ein af ástæðum þess að þeir sem eru of feitir hafa prófað nær alla kúrana í bókinni. Skynsemi, takk.

Ég ráðlegg þér að neyta fæðu fimm til sex sinnum á dag. Morgun-, hádegis- og kvöldverður ásamt tveimur til þremur léttum hressingum heldur líkamanum í fullri brennslu og ætti að sjá þér fyrir öllum helstu næringarefnum sem líkaminn þarfnast. Ekki láta líða lengri tíma en þrjár til fjórar klukkustundir milli þess sem þú neytir einhverrar fæðu. Þannig tryggirðu það að þú verður aldrei of svangur og innan skamms minnka skammtastærðirnar sem og ummálið og kílónum fækkar. Gott er að venja sig á að drekka stórt vatnsglas á undan hverri máltíð og neyta eingöngu sykraðra gosdrykkja við hátíðartílefni því þeir innihalda gríðarlegt magn sykurs og tómrar hitaeyninga sem skilja ekki eftir sig nein næringarleg gildi. Einnig eru þeir ávanabindandi og hvetja til óholls fæðuvals. Vatnið styður hollustu og hreyfingu.

Einni klukkustund á sólahring skal sérstaklega varið til hreyfingar og líkamsræktar af einhverju tagi. Röskur göngutúr telst með. Frábær leið sem hvetur til hreyfingar er notkun á skrefamæli. Þú hengir hann á buxnastrenginn í byrjun dags og tekur hann af á kvöldin. Gott er að skrifa niður tölurnar sem hvatning til næsta dags um að gera betur. 12 þúsund skref á dag er ágætis viðmið en öll skref umfram þá tölu er bónus. Vel gert!

Smá samantekt:

Borða fimm til sex sinnum á dag.

Morgunmaturinn er nauðsynlegur því sé hans neytt eru minni líkur á að mataræði dagsins fari úr skorðum og verði óhóflegt.

Einn klukkutími á dag tileinkaður hreyfingu.

Það eru eingöngu 4% sólahringsins.

Passa skammtastærðir.

Einu sinni á diskinn er ágætisregla og vatnsglas fyrir hverja máltíð.

Vatn í stað goss nema til hátíðabrigða.

Forðumst stress og reynum eftir megni að ná 8 tíma svefni.

Vikuleg vigtun. Mundu að skrifa niður tölur hverrar viku fyrir sig og geyma á góðum stað. Góð hvatningarleið er að setja sér markmið frá viku til viku og gera sitt besta til að standa við markmiðið.

Líkaminn er okkar hof. Við berum ábyrgð á honum og með góðu viðhaldi náum við að halda honum falglegum eins lengi og við viljum.

Geta, ætla, skal!

*Sverrir Björn Þráinsson,
grenningarráðgjafi og
heilsupistlahöfundur*

Öruggt atferli – fjölgun í kjarnateymum

Þegar lagt var upp með öruggt atferli, sótti ákveðinn fjöldi starfsmanna námskeið í þessum fræðum. Fræðin segja að meðlimir kjarnateyma skulu vera í þeim í 9 – 12 mánuði í senn. Lokamarkmiðið er að allir starfsmenn munu að endingu sækja námskeið og verða á einhverjum tímapunkti meðlimir í kjarnateymi. Að lokum munu síðan allir starfsmenn öðlast þá persónulegu reynslu að hafa tekið þátt í öruggu atferli. Þar með eru allir upplýstir hvað öruggt atferli gengur út á og hafa tileinkað sér þann lífsstíl sem ferlið krefst.

Til upprifjunar þá felur ferlið í sér við athugum hversu oft ákveðnir hópar starfsmanna framkvæma tiltekin störf á sérlega öruggan hátt. Sérhver hópur mun fá endurgjöf um hversu vel þeim gengur (sem hópur) og hópurinn mun setja sér markmið um hvernig þeir geta bætt sig enn frekar. Þetta ferli leggur áherslu á jákvæða athygli til að hjálpa okkur að auka öryggi á vinnustaðnum okkar.

Ákveðið hefur verið að halda námskeið í



Línurit kjarnateyma kerskálanna á ganginum fyrir framan kaffistofu starfsmanna.

öruggu atferli á Hótel Glym í september fyrir þá starfsmenn sem hafa ekki þegar sótt námskeið. Fyrirkomulag þessara námskeiða og dagsetningar verður kynnt fyrir starfsmönnum

í byrjun september þegar allir hafa skilað sér til baka úr sumarfríi.

Trausti Gylfason



Starfsfólk rafmagnsverkstæðis. Aftari röð f.v. Árni Klemensson, Friðrik A. Halldórsson, Bjartmar Einarsson, Orri Porkell Arason, Tómas Árnason, Kjartan Ólafsson, Bjarni Sæmundsson, Daði Jónsson, Márus Lindal Hjartarson, Örnólfur Þorleifsson, Hilmar Teitsson, Arnór S. Sigmarrson, Friðrik Friðriksson, Andrés Magnússon, Skúli Skúlason, Sigurjón B. Sveinsson og Jón Steinar Guðlaugsson. Fremri röð f.v. Viktor Ýmir Eliasson, Hilmar Þór Simonarson, Björn G. Hilmarsson, Hallgrímur Guðsteinsson, Einar Sigurður Sigursteinsson, Guðmundur Marteinn Karlsson, Marínó Arnórsson og Helga K. Haug Jónsdóttir.

Rafmagnsverkstæði

Í ymis horn er að líta hjá starfsmönnum rafmagnsverkstæðis Norðurlá. Verkstæðið er hluti viðhaldssviðs fyrirtækisins og starfa á verkstæðinu 30 manns. Verkefni starfsmanna eru fjölbreytt enda tekur rafmagnskerfi og rafbúnaður til allra þátta í starfsemi Norðurlá. „Nokkrir hópar starfa á rafmagnsverkstæði og er þetta sú viðhaldsdeild sem skipt er í flestar einingar,“ segir Einar Sigurður Sigursteinsson formaður á rafmagnsverkstæði. „Starfsmenn verkstæðisins eru nokkuð dreifðir um fyrirtækið og eru starfseiningar þess fimm. Í fyrsta lagi eru það vaktrafyrirkjarnir. Þeir eru átta talsins og vinna tveir saman á hverri vakt í kerskála. Vaktrafyrirkjar sjá um eftirlit og viðhald rafkerfa í skálanum ásamt eftirliti á afriðla og háspennukerfi. Í öðru lagi er sjö manna eining frá okkur í steypuskála. Þar er hópurinn blandaður raf- og vélvirkjum. Líkt og hjá vaktrafyrirkjum, þá sér hópurinn einnig um viðhald og rekstur auk endurnýjun á búnaði eins og þörf krefur. Fyrirlíði okkar manna í steypuskála er Guðmundur Marteinn Karlsson.“ Einnig er sinn hvor hópurinn í háspennuvirki og á Grundartangahöfn. „Í háspennuvirkinu vestast á athafnasvæði Norðurlá vinnur þriggja manna teymi. Tríóið sinnir þar daglegu viðhaldi. Fyrirlíði þess er Valmundur Árnason. Þá eru

tveir vélvirkjar frá okkur á Grundartangahöfn og fylgjast með að löndunarkerfi og löndunarkrani séu í lagi. Einnig hafa þeir auga með efnisflutningum frá hafnarsílóum til verksmiðju,“ segir Einar Sigurður. „Loks er það eining sem sinnir almennri rafmagnsvinnu á svæðinu. Sjö rafvirkjar starfa í þeim hópi og er fyrirlíði Björn Gústaf Hilmarsson. Hópurinn sinnir almennu viðhaldi, tryggir að lýsing sé í lagi og dreifikerfi. Innan hans eru líka tveir undirhópar. Á sérstöku rafeindaverkstæði starfa tveir starfsmenn. Þeir sinna til dæmis viðgerðum á rafeindabúnaði, svo sem fjarskipta- og samskiptatækjum. Jafnframt eru tveir starfsmenn í PLC verkefni sem felst í því að bilanagreina iðntölvukerfi Norðurlá. Þeirra hlutverk er að auðvelda leit að bilunum,“ segir Einar Sigurður. Margvísleg eru því verkefni rafmagnsverkstæðis.

Þéttur hópur

Einar Sigurður segir að á rafmagnsverkstæði vinni öflugur hópur. Lítið hafi verið um mannabreytingar og því hafi safnast saman góð reynsla og þekking meðal starfsmanna á rafmagnskerfum álfersins. „Starfsmönnum hefur fjölgað hægt og bitandi samfara

stækkun Norðurlá. Þegar ég hóf störf hjá fyrirtækinu haustið 2000 voru sjö starfsmenn á rafmagnsverkstæði. Þegar stækkun lauk árið 2009 var fjöldi starfsmanna kominn í tuttugu og síðan hefur þeim fjölgað enn meir sökum skipulagsbreytinga,“ segir Einar Sigurður. Hann segir starfsmenn duglega að sækja námsskeið sem þeim stendur til boða og þá hafi verkstæðið verið duglegt að taka inn lærlinga í verknámi. „Að jafnaði koma hingað 2-4 lærlingar á ári. Stærsti hluti þeirra kemur frá Akranesi, en einnig koma nokkrir úr Reykjavík,“ bætir hann við.

Næg verkefni framundan

Auk venjubundinna verkefna segir Einar Sigurður að tvær stærri framkvæmdir séu á döfinni. Annars vegar eru framkvæmdir við síló 360 á Grundartangahöfn hafnar. Ekkert megi út af bregða þar svo álverið verði ekki efnislaust. Þá er ætlunin að bæta við afriðla á kerlinu eitt og tvö. Viðbótin mun þýða auknið rekstraröryggi og framleiðsluaukningu fyrir fyrirtækið. „Þetta er svona helsta sem er á dagskránni hjá okkur. Að auki er ætlunin að fara í skemmtiferð einhvern tímann í haust. Nóg er því fyrir stafni hjá okkur,“ segir Einar Sigurður að lokum.



Hafþór Ingbórsson: Láta sér annst um vinnufélagana og mæta til vinnu með opinn hug, ekki sljór eða þreyttur.



Guðmundur Sófússon: Að allir hafi augun opin gagnvart umhverfinu.



Gunnar Reynisson: Ánægt, hjálpsamt starfsfólk og skýrar reglur.

Priggja ára afmæli D-vaktarinnar í kerskála

Þann 10. ágúst sl. náði D-vaktin í kerskálunum þeim frábæra árangri að vera án skráningarskyldra slysa í þrjú ár. Af því tilefni spurði fréttahaukur Norðurljósa nokkra starfsmenn D-vaktarinnar þeirrar einföldu spurningar: „Hver er lykillinn að öruggum vinnustað?“



Einar Smárason: Að allir séu með sitt á hreinu.



Helgi Hjaltsted: Að vera með á nótnum.



Sigurður Halldórsson: Fara varlega og hugsa.

Störf í álverum krefst varfærni og árvekni í hvívetna. Vökul augu starfsmanna gagnvart hættum og verkefnum sem krefjast úrbóta er

forsenda þess að farsæll árangur náist. Reksturinn er viðkvæmur og krefst jafnvægis starfsmanna. Því reynir á samvirkun hvers og eins starfsmanns.

Góð öryggishegðun ber góðan ávöxt eins og D-vaktin hefur svo sannarlega sannað. Við óskum henni til hamingju með árangurinn.

Hver er?

Nafn: Sigrún Helgadóttir.

Starf: Framkvæmdastjóri, starfsmanna-, innkaupa- og öryggissviði.

Fæðingarstaður, -dagur: Akranesi 16. október 1968.

Fjölskylduhagir: Gift Jóni Braga Bergmann. Við eigum þrjú börn; Andreas 22 ára, Unni 20 ára og Helga Hrafn 10 ára.

Hvenær byrjaðir þú hjá Norðuráli? 15. ágúst 2012.

Það skemmtilegasta fyrir utan vinnuna?

Vera með fjölskyldu og vinum, ekki síst á skíðum, í hestaferðum og leitum.

Aðaláhugamálið? Hestamennska, skíði og matargerð.

Uppáhalds matur? Lamb og margskonar fiskur.

Uppáhalds drykkur? Pepsi Max.

Ertu hjátrúafull/ur? Nei, alls ekki.

Hvaða persónu í mannkynssögunni vildir þú helst hitta? Þessu eru ekki auðvelt að svara. Það er svo mikið af áhugaverðu fólki að

ég held að listinn rúmist ekki hér.

Uppáhalds sjónvarpsefni? Góð bíómynd eða þættir, þessir dönsku eru oft góðir. Landinn klikkar ekki og það er alltaf gaman að horfa á góða matreiðsluþætti.

Besta bókin sem þú hefur lesið? Af þeim bókum sem ég hef lesið nýlega, Svar við bréfi Helgu. Las svo um páskana bækur Jo Nesbo um Harry Hole rannsóknarlögreglumann og fannst þær mjög góðar.

Hvaða hljómsveit eða söngvara heldur þú mest upp á? Fer eftir dagsformi og aðstæðum hverju sinni. ABBA kemur oft sterk inn.

Uppáhalds íþrótt eða hreyfing? Hestar, skíði og göngutúrar með hundana okkar.

Lýstu þér í þremur orðum? Orkumikil, glaðlynd og skipulögð.


Fallegasti staður á Íslandi? Af þeim stöðum sem ég hef komið til er það Þjórsárdalur og Gnúpverjafréttur.

Til hvaða lands langar þig mest að ferðast? Ástralíu.



Framtíðarplön? Þessa dagana hugsa ég helst um hvernig ég get gagnast Norðuráli sem best og að kynnast starfseminni og fólkinu hér betur. Ég tel mig hafa verið lánsama í einkalífinu hingað til. Vonandi sér gæfan um að það verði óbreytt.

Nýr upphafsstaður á morgunferðum virka daga frá efri Skaga og nýjar stoppistöðvar



Frá mánudeginum 3. september byrjar rútan á:

Ketilsflöt, kl. 06:55 strætóstoppistöð til móts við Akrasel.

Næstu stöðvar eru:

Strætóstoppistöð á móti Eyrarflöt kl. 06:56

Strætóskýlið Garðagrund á móts við Samkaup kl. 07:00

Bjarkargrund, strætóstoppistöð kl. 07:00

Þaðan fer rútan sína hefðbundnu leið.

ÁRSHÁTÍÐ

STARFSMANNAFÉLAGS NORÐURÁLS

VERÐUR HALDIN Í GULLHÖMRUM
GRAFARHOLTI, 29. SEPTEMBER OG HEFST
STUNDVÍSLEGA KL. 20:00
HÚSIÐ OPNAR KL. 19:30



MATTI - HREIMUR
& SYKURPÚÐARNIR
HALDA UPPÍ FJÖRINU

ÞAÐ STYTTIST Í GLEÐINA!

HRISTOM DUÐLEGA UPP Í ÞESSU!

SKRÁNING ER HAFIN HJÁ JAKOB Á LAGERNUM
LOKADAGUR SKRÁNINGAR ER 21. SEPTEMBER

VEISLUSTJÓRI:
HALLGRÍMUR ÓLAFSSON

GISTING Á GRAND HOTEL

1. MANNS HERB. 12.900 - NÓTTIN
1 MANNS HERB. 24.400 - TVÆR NÆTUR
2JA MANNA HERB. 14.200 - NÓTTIN
2JA MANNA HERB. 27.000 - TVÆR NÆTUR

RÚTUFERÐIR

FRÁ HYRNUNNI BORGARNESI KL 18:30, FRÁ STÖÐINNI AKRANESI KL 19:00
- AÐ GULLHÖMRUM OG HEIM AFTUR KL 24:00 OG EINNIG EFTIR BALL.
FRÁ GRAND HOTEL KL 19:20 OG TIL BAKA KL 24:00 OG EINNIG EFTIR BALL.



GoNa:

Góðu golfsumri lokið

Skammt hefur verið stórra högga á milli í ágúst hjá Golfklúbbi Norðurlá. Annað golfmót sumarsins fór fram á Glannavelli í Norðurárdal í Borgarfirði 10. ágúst sl. Á mótinu sigraði Guðjón Viðar Guðjónsson, í öðru sæti varð Búi Gíslason og í því þriðja Páll Halldór Sigvaldason. Náandarverðlaun unnu Halldór Reynisson á 14. holu og Guðjón Viðar Guðjónsson á 3. holu. Síðasta golfmót golfklúbbsins fór fram á Garðavelli á Akranesi föstudaginn 31. ágúst sl. Veðurútlitið var ekki upp á marga fiska, en engu að síður mættu 20 golfarar til leiks. Fór það reyndar svo að veðrið var mun skárri en búist var við þó yfirferðin á logninu hafi verið með meira mótí á Skaganum þennan dagspart. Starfsmenn Norðurlá sýndu þarna og sönnuðu að þeim er ekki fisjað saman. Fyrr um daginn voru tvö mót fyrirhuguð á Garðavelli en í báðum tilfellum skorti hugrekki þátttakenda til að keppa og voru þau mót blásin af. Kylfingar Norðurlá fá því stóran plús. Að leik loknum var dýrindis súpa á boði í golfskála auk þess sem verðlaunaafhending fór fram. Eftirtaldir unnu til verðlauna í síðasta mótinu:

- 1. sæti** Kristvin Bjarnason, 32 punktar (fleiri pkt. á seinni 9)
- 2. sæti** Rafn Magnús Jónsson, 32 punktar
- 3. sæti** Guðjón Viðar Guðjónsson, 30 punktar

Næst holu á 3. braut, Ágúst Hafberg (4,10 m)

Næst holu á 8. braut Emil Hilmarsson (7,34 m)

Næst holu á 14. braut Guðjón Viðar Guðjónsson (2,13 m)

Næst holu á 18. braut Þröstur Vilhjálmsson (5,16 m)

Auk þess voru veittir aukavinningar úr útdregnum skorkortum.

Þar sem þetta var síðasta mót sumarsins liggur nú fyrir hver þar sigur úr býtum í punktkeppni mótaráðarinnar. Sá stendur upp sem sigurvegari sem er með flesta punkta úr tveimur mótum af þremur. Úrslitin eru eftirfarandi:

- 1. sæti** Guðjón Viðar Guðjónsson 64 punkta
- 2. sæti** Þröstur Vilhjálmsson 63 punkta
- 3. sæti** Gunnar Bjarnason 60 punkta

Verðlaun verða veitt á árs hátíð Norðurlá 29. september nk.

Að loknu skemmtilegu golfsumri viljum við í stjórn GoNa þakka fyrir góða þátttöku en í sumar voru 53 meðlimir skráðir í GoNa. Alls voru 43 sem tóku þátt í einhverju af mótum sumarsins. Á næsta ári biður okkar krefjandi verkefni en þá munum við til viðbótar við GoNa mótaröðina, annast skipulagningu Stóriðjumótsins. Vitum við að þeir sem þá verða í stjórn GoNa munu leysa það verkefni með sóma.

Meðfylgjandi er loks myndir frá lokamótinu á Garðavelli.

*Með kveðju frá stjórn GoNa,
Bjarni Ólafsson
Guðjón Viðar Guðjónsson
Pétur Ottesen*





Landsnet byggir nýtt launaflsvirki á Klafastöðum

Frá framkvæmdir eru hafnar á nýju launaflsvirki á Klafastöðum við Grundartanga. Það er Landsnet sem framkvæmir. Samkvæmt upplýsingum frá Landsneti er svo komið að flutningsgeta Brennimelslínu 1 og launaflsskortur á tengivirkinu á Brennimel eru farin að hafa takmarkandi áhrif á frekari álagsaukningu tengda Brennimel. Tveir stórnótendur eru tengdir við tengivirkið, Norðurál og Elkem. Einnig er á Brennimel tenging inn á dreifikerfi Rarik og annar af tveimur upphafspunktum 132 kV byggðalínunnar. Þá hafa orkukaupendur sýnt meiri áhuga, núverandi sem nýir, og því er fyrir séð álagsaukning. Með nýja launaflsvirkinu eykst áreiðanleiki í afhendingu rafmagns, hægt verður að bæta við nýjum notendum og ekki þarf að reisa nýjar flutningslínur. Búnaðurinn verður innanhúss og því varinn fyrir seltu og sjávarlöðri. Húsið sem reist verður utan um launaflsvirkið er 2.300 fermetrar að grunnfleti. Búist er við að framkvæmdum ljúki á næsta ári.



Frá framkvæmdum á Klafastöðum við Grundartanga í sumar.

Umferðaráttak 2012

Í júní hófst öryggisátak Norðurlá 2012 þar sem áhersla var lögð á umferð farartækja og gangandi vegfarenda. Starfsmönnum gafst kostur á að taka þátt í getraun þar sem útfylltum getraunaseðlum var skilað til öryggiseildar. Almenn ánægja var með með átakið og var þátttaka í getrauninni mjög góð. Alls var skilað inn 402 útfylltum getraunaseðlum. Nú er umferðaráttakinu 2012 formlega lokið. Því var dregið úr innsendum getraunaseðlum fimmtudaginn 30. ágúst í mótuneytinu á Grundartanga. Aðalverðlaunin í getrauninni var TREK Gary Fisher reiðhjól en einnig var dregið úr fjölda aukavinninga s.s. reiðhjólahljálmar, lásar, töskur o.fl.

Vinningshafar eru eftirfarandi:

„Aðalvinningur (Trek Gary Fisher reiðhjól): Ragnar Ólason, Kerstjórn“

Aukavinningar

Heiðrún Lára Tómasdóttir, mótuneyti
Helga Hallfríður Stefánsdóttir, mótuneyti
Davíð Stefán Halldórsson, kerskáli, D-vakt
Bergþór Guðmundsson, fjármálasvið



Ragnar Ólason vann aðalverðlaunin í umferðargetrauninni, Trek reiðhjól. Hann var fjarverandi útdráttinn en á myndinni er reiðhjólið ásamt hjálmi sem fylgdi með.

Helga Eggertsdóttir, kerskáli, B-vakt
Róbert Ólafsson, farartækjaverkstæði
Fanney Karlsdóttir, skautsmiðja
Baldvin Þór Grétarsson, lager.

Við þökkum öllum þeim sem tóku þátt í getrauninni og óskum vinningshöfum innilega

til hamingju með verðlaunin. Höldum áfram að vera á varðbergi og gætum að okkur í umferðinni, hvort sem við erum gangandi vegfarendur eða stjórnendur farartækja. Komum heil heim!

Trausti Gylfason

Ragnar Elías Mariásson verkvirki:

„Ef ég hef nóg að gera þá er ég ánægður“

Einn þeirra fimm verkvirkja hjá verkferlagerð viðhaldssviðs Norðuráls er Ragnar Elías Mariásson. Verkvirkjar Norðuráls eru oftast kallaðir „planarar“ af starfsmönnum fyrirtækisins en verkefni þeirra er að hafa yfirumsjón með og undirbúa viðhaldsaðgerðir á einstökum hlutum í framleiðslulínunum álversins. Hlutverk Ragnars er að sjá til þess að regluleg skoðun fari fram á véllum, taka við ábendingum um mögulegar bilanir og viðhaldsþörf og síðast en ekki síst að átta og skipuleggja væntanlegar framkvæmdir. Þarna reynir á lipurleika og útsjónarsemi verkvirkjans sem þarf að ákveða magn aðfanga, mannafla og tíma í verkin í sérstakri verklýsingu svo viðhaldsstörf gangi snurðulaust fyrir sig.



Ragnar Elías Mariásson.

Hefur vaxið með fyrirtækinu

„Ég er búinn að vinna hjá Norðuráli síðan í apríl 1998,“ segir Ragnar í samtali við blaðamann Norðurljósa. „Segja má að ég hafi vaxið með fyrirtækinu síðan ég hóf hér störf. Fyrst um sinn vann ég á vöktum sem vélvirki og síðar tók ég við formennsku á kranaverkstæði. Leiðin lá loks í verkferlagerðina. Það var hann Ásmundur Jónsson (Ási) á verkfræðisviði sem mælti með því að ég gerðist verkvirki og verð ég að viðurkenna að þetta embætti á vel við mig.“ Að ýmsu er að hyggja þegar kemur að skipulagningu verkferla við viðhald. „Þegar álverið var tekið í notkun sá vélaverkstæði um allt viðhald. Skipulagsbreytingar hafa átt sér stað og hefur kranaverkstæðið, skautsmiðjan og rafmagnsverkstæðið litið dagsins ljós sem sérstakir viðhaldshópar,“ bætir Ragnar við. „Satt best að segja hefur mér líkað vel við öll störf sem ég hef fengist við hjá Norðuráli. Hér er gott að vinna og ef ég hef nóg að gera þá er ég ánægður,“ segir Ragnar glaðbeittur.

Ólst upp á Ströndum

Aðspurður um uppruna sinn svarar Ragnar því til að hann sé fæddur og uppalinn Strandamaður. Óhætt er að segja að Strandir séu utan alfaraleiðar og hefur Ragnar frá ýmsu á æskuárum sínum að segja. Gefum honum orðið. „Ég ólst upp á bænum Felli í Árneshreppi, sem nánast er nyrstur bæja á Ströndum. Að vísu kom ég í heiminn á Djúpuvík við Reykjarfjörð en

ég er fæddur 1957. Foreldrum mínum bauðst að fara í samvinnu með ömmu og afa um fjárbúskap á Felli og fluttu foreldrar mínir mig í síldarkassa norður að Felli, en eins og kunnugt er var í Djúpuvík rekin síldarverksmiðja um árabíl sem var lokað 1954,“ segir Ragnar. Sjö ára byrjaði Ragnar í skóla. „Á þessum árum voru börn á Ströndum látni læra heima sjö til átta ára gömul. Mér var sett fyrir af kennara á Finnbogastöðum sem vitjaði manns reglulega. Ég hóf því skólagöngu mína í farskóla. Níu ára byrjaði ég að sækja dagskóla á Finnbogastöðum sem rekinn var sem heimavistarskóli. Skólanum var skipt í tvær deildir, 9-11 ára voru í yngri deild og 12-13 ára og eldri í hinni deildinni. Á yngra stigi var kennt í tveggja vikna törn og síðan var mánaðarhlé á milli. Þessu var öfugt farið á eldra stigi, kennt í mánuð og loks hlé í tvær vikur.“

Gekk langa leið í skólann

Samgöngur voru og eru enn, þrátt fyrir ýmsar umbætur, erfiðar á Ströndum. Þar er jafnan snjópungt á veturna. Því var ekki um annað að ræða fyrir Ragnar en að fara fótgangandi í skólann. „Leiðin frá Felli að Finnbogastöðum er um 15 kílómetrar, 30 fram og til baka. Þurftum við að flytja með okkur fatnað og sængurföt ásamt námsgögnum annað hvort borði á bakinu eða dregið á snjósleða. Ég fékk fylgd megnið af leiðinni fyrstu tvo veturna en þegar ég var 11 ára byrjaði ég að ganga einn.

Ég held að eitthvað yrði sagt í dag við svona göngum ungmenna,“ segir Ragnar og brosir. Eðli máls samkvæmt rataði Ragnar áfallalaust í skólann á Finnbogastöðum. Óblið náttúran var hins vegar handan við hornið og segir Ragnar að um veturna 1965-1967 hafi fundist tvö ísbjarnarhræ á Ströndum, eitt við bæinn Mela í Árneshreppi og annað að Dröngum nokkru norðar.

Sótti sjóinn

Ragnar er vélfræðingur að mennt en hann lærði sína iðn í Vélaskóla Íslands á Ísafirði og fjórða stigið var tekið í Reykjavík. Eftir nám lá leiðin beint á sjóinn. „Ég var meira og minna á sjó árin 1980-1998. Fyrst var ég hjá Skipadeild Sambands íslenskra samvinnufélaga (SÍS). Meðan ég vann þar var ég vélstjóri á þremur skipum; Mælifelli, Helgafelli og Arnarfelli. Síðar vann ég m.a. hjá Útgerðarfélagi Akureyringa á Harðbaki og Sólbaki, Eimskip á Múlafossi og Skógafossi og að lokum hjá Sæbergi á Ólafsfirði á Hvannabergi. Það var loks árið 1998 sem ég hóf störf hjá Norðurál eftir að ég flutti suður,“ segir Ragnar. Hann viðurkennir að sjómennskan kitli sig af og til, ekki síst þegar hann sér skip leggjast að bryggju í Grundartangahöfn. „Eftir að ég hóf vinnu í landi hjá Norðuráli fann ég að blundað hafði í mér viss þreyta á sjómennsku, nokkurskonar leiði sem ég uppgötvaði þó ekki fyrr en þá. Ég sé ekki eftir þeirri ákvörðun þó ég viðurkenni að stundum væri gaman að sigla aftur. Þá myndi ég velja strandveiðibát enda yrði ég í meiri tengslum við náttúruna.“

Krefjandi að kljást við sjóbleikju

Í frístundum sínum segist Ragnar stunda veiðar af miklu kappi. Einnig noti hann frítímann til að fylgjast með íþróttum, aðallega fótbolta og handbolta. Veiðin á hins vegar sviðið. „Ég dunda mikið við stangveiði, sérstaklega vatnaveiði þar sem laxveiði í ám er orðin ofviða hinum almenna borgara fjárhagslega. Sérstaklega finnst mér gaman að eltast við sjóbleikju. Hún getur verið talsvert dyntótt. Mikill spenningur er fólgin í því að kljást við fiskinn. Bleikjan tekur helst á flugu. Ef fiskurinn tekur ekki í, þá borgar sig að prófa og finna út hvað fiskurinn vill,“ segir Ragnar að lokum.

Spurning dagsins

Hvað gerðir þú skemmtilegt í sumar?

Stóriðjuliðið komst í úrslit Poppunkts

Sérskipað lið stóriðjunnar tók þátt í spurningabættinum sívinsæla Poppunkti í sumar. Liðið náði góðum árangri, komst í úrslit sem fram fóru föstudaginn 24. ágúst sl. Þar mætti stóriðjan liði lífsskoðunarfélags og tapaði naumlega, 42-40. Liðið náði því öðru sæti í keppninni. Meðal liðsmanna stóriðjuliðsins var Engilbert Svavarsson, Berti, sumarafleysingamaður á D-vakt í steypuskála hjá Norðuráli. Auk hans mynduðu lið stóriðjunnar þeir Ólafur Teitur Guðnason frá Alcoa og Jón Björn Ríkharðsson frá Alcoa. Áður hafði liðið mætt liði umhverfissinna sem stóriðjumenn sigruðu örugglega, 49-34. Frammistaðan tryggði liðinu sæti í úrslitum en tvö stigahæstu lið fyrir



Engilbert Svavarsson.

umferðar komust áfram í úrslit. Í samtali við Norðurljós sagði Berti að gaman hafi verið að taka þátt. „Þetta fór fram á léttu nótonum. Við undirbjuggum okkur þannig að hist var tvisvar fyrir hvora viðureign. Þar bárum við saman bækur okkar og reyndum hvað við gátum til að undirbúa okkur. Við einsettum okkur að hafa gaman að þessu sem við gerðum,“ segir Berti. Aðspurður um hvað hann hyggst gera í haust segir Berti að hann ætli sér að klára stúdéntinn. Hann er á félagsfræðabraut í Fjölbautaskóla Vesturlands og eigi hann ekki von á öðru en að útskrifast um jölin. Hægt er að horfa á endursýningu á báðum viðureignum stóriðjuliðsins á heimasíðu Ríkissjónvarpsins, www.ruv.is



Anna Þórðardóttir, steypuskála

Ég gisti 17 nætur í fellihýsi á hinum ýmsu stöðum á landinu.



Kristján Jón Kristjánsson, steypuskáli

Ég fór til Eyja á þjóðhátíð.



Tinna Björk Pálsdóttir, dagvinnudeild kerskála

Ég fór norður í sumarfrí og í Grímsnes.



Albert Ingi Gunnarsson, liðsstjóri á B-vakt í kerskála

Ég er búinn að ferðast mikið og fór með fjölskylduna á Þórisstaði og á Snæfellsnes.



Andri Þórhallsson, framleiðslustýring

Ég uppgötvaði golfið.



Námskeið í ofnarekstri á döfinni

Í lok september stendur til að fram fari ofnareksturs námskeið fyrir ofnamenn í skautsmiðju. Að sögn Halldórs Ólafssonar liðsstjóra í smiðjunni þá er námskeiðið nýtt af nálinni. Skipulagning þess fór fram í vor og er markmiðið að

samræma vinnu við ofna. Farið verður yfir helstu vinnuaðferðir með það í huga hvernig best megi bæta gæði mállms sem og öryggi starfsfólks. Halldór segir að námskeiðið komi til með að vera lifandi. Þátttakendur geti miðlað af reynslu

sinni við ofnavinnu sín í milli og þannig samræmt vinnuaðferðir. Meginmarkmið er að allir vinni eins. Nánari dagsetning námskeiðsins verður auglýst síðar í mánuðinum. Ofnamenn verða boðaðir sérstaklega á það.



Veðrið lék um keppendur á Þórisstöðum.

Golfmót kranaverkstæðis og ACM

Föstudaginn 16. ágúst fór fram árlegt golfmót starfsmanna kranaverkstæðis og ACM. Leikfyrirkomulag var Texas scramble þar sem allt að tveir geta leikið saman í liði. Markmiðið er að vanur leiki með óvönnum. Keppni fór fram á golfvöllinum á Þórisstöðum og voru leiknar 9 holur. Úrslit urðu þau að Búi Gíslason sigraði mótið á 34 höggum, í öðru sæti var Magnús Már Haraldsson á 41 höggi

og loks urðu þeir Páll H. Sigvaldason og Árni Halldórsson ásamt Friðriki og Gísla jafnir í þriðja til fjórða sæti á 44 höggum. Alls tóku 18 þátt í mótinu sem haldið var í blíðskapar veðri, enda er það eitt af grundvallarskiyrðum fyrir að mótið sé haldið. Góð stemning var í hópnum en að golfi loknu snæddu keppendur grillað lambalæri á Þórisstöðum og skemmtu sér saman fram eftir kvöldi.



Lagt af stað í aftursveiflu.



Slegið í átt að Þórisstaðavatni.

Sudoku

5		4				3				6		1	5				4	5					2				9
	1	5								5		8			6				7	3	9						2
9				8				7	3					2		9				1		6	3		5	7	
7	8			5		6				2				5		8			5	4			9		7		
	1				3		8			8				3		6		3				1					5
		4					7	9	5				4	8		2			6			2	7	1	3		
6				1				5		1		3				9		7	4		1	3		9			
					5	2					7			1		4		6					5	7	4		
	4				7			6	2				9	7		5		9			4						1

Erfið

Miðlungs


Auðveld



Örugg vinnubrögð eru höfð að leiðarljósi í Helguvík.

Öryggishegðun í Helguvík

Mikil framför hefur átt sér stað á verktíma í Helguvík varðandi öryggishegðun starfsmanna. Nú heyrir það til undantekningar ef starfsmaður sýnir af sér áhættuhegðun sem telst varasöm. Það hefur komið sér vel við vinnu í klæðningu stálgrindar og hafa starfsmenn fylgt öllum reglum og áhættugreiningum til hins ýrasta. Til þessa hefur öll vinna við þak verið unnin úr lyftum og spjótum þannig að engin hefur þurft að fara upp á þakið sjálft. Í lyftum eru allir starfsmenn í fallvarnarbeltum og festir í öruggan festipunkt í lyftunni. Búið er að klæða þak yfir Suðurgangi milli kerskála og er verið að klæða austurhlíð þaks á kerskála A. Einnig er unnið samhlíða að völsun á þakefni. Þá hefur umgengni á svæðinu verið til fyrirmyndar sem þakka má tiltekt jafn óðum og vinna fer fram. Alls eru rúmlega 40 starfsmenn verktaka á svæðinu nú um stundir, þar af 24 sem koma að klæðningavinnu.



Pórður Karlsson Öryggishegðun 2012.

Árshátíð Norðurláls 29. september
Það styttist í gleðina! Sjá bls. 5